

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/15  
komudagur 4.11 2004  
130/15



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2004

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun atvinnuvegráðuneytis, 15. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að komið verði á einu atvinnuvegaráðuneyti í stað þeirra sem fyrir eru.

Mörg undanfarin ár hefur það verið ofarlega á stefnuskrá Samtaka iðnaðarins að breyta löngu úreltri skiptingu ráðuneyta eftir atvinnugreinum.

Í ályktun Iðnpings frá 26. febrúar 1999 segir m.a:

Rjúfa þarf gamla múra sem byggðir voru upp utan um sérhagsmuni einstakra atvinnugreina. Hefðbundin atvinnugreinaskipting milli þjónustustofnana og ráðuneyta er einnig orðin úrelt. Tillaga um sameiningu sjávarútvegs-, landbúnaðar-, og iðnaðarnefnda í eina atvinnumálanefnd Alþingis er mikilvægt skref í þessa átt. Stjórnarráðið á að fylgja í kjölfarið með einu atvinnumálaráðuneyti.

Í ályktuninni er vísað til frumvarps til laga um breytingar á þingsköpum Alþingis frá 123. löggjafarþingi, þingskjal 864, 540. mál. Frumvarpið náði því miður ekki fram að ganga.

Samtök iðnaðarins telja að breytingar á skipan stjórnarráðs og nefnda Alþingis séu forsenda þess að hægt sé að ná fram margvíslegu hagræði í stoðkerfi atvinnulífsins sem líður á margan hátt fyrir núverandi skipulag. Að auki er núverandi kerfi ekki í stakk búið til þess að sinna nýjum og vaxandi greinum í atvinnulífinu. Oftar en ekki er óljóst undir hvaða ráðuneyti þessar nýju greinar falla. Dæmi um slíkt er líftækni iðnaður. Málefni annarra atvinnugreina, eins og byggingariðnaðar heyra illu heilli undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Samtök iðnaðarins hvetja til þess að stjórnvöld, í samvinnu við atvinnulífið, hefji undirbúning að róttækum breytingum er lúta að stjórnslu og stoðkerfi atvinnulífsins með það fyrir augum að gera kerfið einfaldara og skilvirkara frá upphafi til enda og kasta fyrir róða skiptingu eftir atvinnugreinum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri